**Nd.** **282. Breytingartillögur**

við frv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Pjetur Ottesen.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein:
   Bannað er að flytja hey til landsins. Þó er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, ef veruleg hætta er á fóðurskorti, að leyfa innflutning á heyi frá þeim löndum eða landshlutum, þar sem ekki ganga næmir alidýrasjúkdómar, sem

borist gætu til landsins með heyinu, enda sje í því efni leitað álits dýralæknisins í Reykjavík.

2. Við 2. gr. Orðið »heyi« fellur niður.
3. Við fyrirsögn. Á eftir »dýrum« kemur: heyi.